

Fréttapistill frá forseta Íslands

9. nóvember 2020

Kæru landsmenn.

Í mínum embættisstörfum bar það helst til tíðinda í nýliðinni viku að ég þurfti að fara í sóttkví eftir að starfsmaður hér á Bessastöðum greindist með veiruna. Blessunarlega heilsast honum vel og sjálfur kenni ég mér einskis meins. Ég ítreka þakkir fyrir hlýjar kveðjur sem mér hafa borist. Nú í morgunsárið fór ég í skimun á Landspítala og reyndist neikvæður.

Ég ræddi vistina í sóttkví við umsjónarfolk þáttarins Ísland í bítið á Bylgjunni í síðustu viku og má hlusta á það hér: <https://www.visir.is/.../39205962-51da-43b2-b78c...>

Í vikunni fjölgaði þeim enn sem látist hafa af völdum COVID-19 sjúkdómsins á Íslandi. Sem fyrr sendi ég ástvinum samúðarkveðjur. Að undanförunu hefur smitum fækkað. Hertar aðgerðir gegn útbreiðslu farsóttarinnar hafa greinilega skilað árangri og vonir hljóta að standa til þess að senn verði óhætt að slaka á þeim að einhverju leyti. Gott hefur verið að sjá að langflestir íbúar landsins styðja atbeina sóttvarnaryfirvalda og stjórnvalda, ekki vegna boðvalds þeirra heldur vegna þess að fólk hefur fundið gildi samtakamáttar í þessum efnunum, komist að niðurstöðu um það á eigin forsendum og eftir eigin hyggjuviti.

Um leið verðum við að huga að því að varnir gegn veiru skapi ekki verri vanda til frambúðar á öðrum vettvangi. Þessa jafnvægislist stunda stjórnvöld dag hvern, með vísindalega ráðgjöf og önnur sjónarmið í huga. Og þrátt fyrir allan okkar ærna vanda – eða jafnvel frekar vegna hans – er brýnt að missa ekki móðinn. Farsóttin og varnir gegn henni valda víða usla. Fólk hefur látist og veikst illa, margir hafa misst atvinnu sína, fyrirtæki berjast í bökkum, skólahald er með óvenjulegum hætti og miklar skorður reistar við hvers kyns afþreyingu og listum, tómstundum og íþróttum. En hér verðum við líka að greina á milli áfalla og óþæginda. Gerum ekki illt verra með því að ýkja andbyrinn og gefast upp. Sýnum frekar hvað í okkur býr, leitum lausna, stöppum stálinu í hvert annað og látum ekki neikvæðni, beiskju og reiði ráða för. Það fer sjaldnast vel.

Ég minni líka á mikilvægi hreyfingar og útiveru fyrir líkama og sál. Það fann ég í minni sóttkví að reyndist vel, komast undir bert loft, reyna aðeins á sig.

Joe Biden bar sigur úr býtum í forsetakosningum í Bandaríkjunum og Kamala Harris verður varaforseti. Ég hef sent þeim heillaóskir og óskað alls velfarnaðar í vandasömum störfum. Í kveðjum mínum áréttaði ég rótgróna samvinnu og vináttu Íslands og Bandaríkjanna. Ég minnti á þau gildi sem hafa ber í heiðri í öflugum lýðræðisríkjum, ekki síst frelsi til hugsana og tjáningar, jafnan rétt allra borgara, jafnrétti kynjanna, umburðarlyndi og rúm fyrir fjölbreytt mannlíf og menningu.

Á þriðjudaginn var sendi ég samúðarkveðju til tyrknesku þjóðarinnar vegna jarðskjálftans mikla sem varð í grennd við borgina Izmir og varð yfir hundrað manns

að aldurtila. Jafnframt sendi ég Austurríkismönnum samúðarkveðju vegna hryðjuverkaárásarinnar í Vínarborg þar sem fjórir létust.

Síðastliðinn föstudag flutti ég ávarp á Vináttugleði, kynningu Barnaheilla á nýju námsefni fyrir grunnskóla um vináttu og varnir gegn einelti. Kynningin fór fram með rafrænum hætti og talaði ég úr minni sóttkví hér í íbúðarhúsi fjölskyldunnar á Bessastöðum. Bakgrunn valdi ég vel, þótt ég segi sjálfur frá, en leyfi mér til gamans að birta mynd að neðan af upptöku viðburðarins eins og hún blasti við mér.

Ég skora á fólk að kynna sér efni um einelti og leiðir til að sporna við því. Ég veit að þótt margt hafi breyst til betri vegar þurfum við að gera enn betur. Enginn á að þurfa að þola einelti, ekki í skólum, ekki í tómstundum, ekki á vinnustað – hvergi. Nokkur ávörp mín um þennan mikilvæga málaflokk má sjá hér:

<https://www.forseti.is/search?q=einelti>

Núna við upphaf nýrrar vinnu- og skólaviku óska ég ykkur velfarnaðar. Við lifum mæðusama veirudaga en látum ekki mótlætið buga okkur.